

Viðtal við Sigrúnu Gísladóttur, hjúkrunarfræðing hjá Lyfju í Lágmúla

SÁRAMEDFERÐ ER ÁHUGAVERÐ



Það getur komið sér vel að hafa aðgang að fagfólki utan sjúkrastofnana og spara þannig biðtíma og fyrirhöfn. Reglulegt eftirlit er mikilvægt, ekki síst fyrir heilsuna og því gott að geta leitað til fleiri aðila. Í Lyfju er boðið upp á margvíslega ráðgjöf og sérhæfða þjónustu, svo sem mælingar á blóðfitu og blóðsykri. Við þessa þjónustu starfa auðvitað hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar. Það var því áhugavert að taka hjúkrunarfræðing á þessum starfsvettvangi tali til að heyra hvernig það fer fyrir þá að starfa í apóteki.

Í Lyfju í Lágmúla eru bæði hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar sem veita ráðgjöf og fyrir svörum þar varð Sigrún Gísladóttir hjúkrunarfræðingur sem tók vel í stutt spjall. Það var því árla morguns sem haldið var út í neyjuna til að taka Sigrúnu tali og fá í leiðinni mælingu á blóðþrýstingi, blóðsykri og blóðfitu.

Aðspurð sagði hún hafa fengið áhuga á þessum starfsvettvangi þegar hún var á fyrsta ári í sálfræðinámi en þar var fjallað um geðsjúkdóma sem vöktu áhuga hennar á hjúkrunarfræði. Fyrstu skrefin voru þau að fá sér vinnu á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, sem var langlegudeild tengd Borgarsspítalanum gamla, til að kynna

því hvernig væri að vinna með sjúklinga inni á spítala. Sigrúna leist vel á og dreif sig í námið. Námið tók hana fimm ár þar sem hún eignaðist elstu dóttur sína á meðan á því stóð, en hún á 3 dætur.

Sem nemi fór hún að vinna á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og starfaði þar í

mörg ár sem almennur hjúkrunarfræðingur að námi loknu. Hún var svo eitt ár í Alhjúkrun þar til hún réð sig til Lyfju en þar hefur hún starfað síðastliðin fjögur ár.

„Mig langaði til að prófa eitthvað nýtt,“ segir Sigrún þegar hún er spurð hvers vegna hún hafi ráðið sig til starfa í apóteki. „Svo er ég líka gift sjómanni sem er margar vikur í senn á sjónum og á svo á móti langt frá heima við. Það er erfiðara að vera í vaktavinnu þegar maður er einn með börnin, allt þetta skutl sem fylgir þeim og aðstoð við heimanámið. Einnig vildum við að einhver væri til staðar fyrir þau svo Lyfja varð fyrir valinu og ég sé ekki eftir því,“ segir hún full af áhuga og fer beint í að tala um vinnuna.

„Það sem er skemmtilegt við starfið eru samskiptin við fólkið sem til okkar leitar. Það kemur alls konar fólk hingað í margvíslegum erindagjörðum og margir koma reglulega, til dæmis í mælingar. Einstaklingar koma yfirleitt til okkar á eigin forsendum – vilja láta fylgjast með ástandi sínu, stundum vegna þess að þeir eru að taka sér tak varðandi mataræði eða til að forðast það að þurfa að taka lyf. Það er alltaf aukning í mælingum eftir jólin og á vorin en þá er fólk að fara í átak og vill fá mælingar fyrir og eftir. Svo eigum við okkar fastakúnna sem koma aftur og aftur,“ segir hún.

„Svo er starfið mjög fjölbreytt, við erum auðvitað með heilsufarsmælingar, mælum blóðfitu, blóðrauða, blóðsykur en einnig beinþéttni og svo tókum við öndunarpróf þar sem við mælum útöndum. Svo sprautum við líka, ef þess er óskað, alla virka daga. Einnig sjáum við um að vera reglulega með hjúkrunarnámskeið fyrir starfsfólk Lyfju. Þar förum við yfir það helsta sem viðkemur sárum, umbúðum og hjúkrunarvörum yfirleitt, einnig er þar farið í þessar tryggingatengdu vörur og hvernig á að afgreiða þær. Er þetta gert til að starfsfólki sé betur í stakk búið að aðstoða fólk þegar það kemur á þeim tíma sem við erum ekki við.“


Mér finnst reyndar sárameðferð áhugaverðust svona faglega séð, en við tókum líka sauma og skiptum um umbúðir á sárum og annað tengt sárum,“ segir Sigrún.

Starfinu fylgir líka að hafa umsjón með tryggingatengdum vörum og hjúkrunarvörum, hafa yfirlit yfir stöðuna, sjá um innkaup og kynna viðskiptavinum vörurnar og möguleika þeirra. Með tryggingatengdum vörum er átt við stómavörur, eins og poka og plötur eða búnað fyrir barkastóma ásamt fylgihlutum, svo sem festingar, grisjur og hreinsibúnað, þvagleggi, sjúkrasokka og næringadrykki. „Einnig aðstoðum við fólk með stóma ef upp koma vandamál, svo sem vegna sára undir plötum. Ef ekkert gengur þá vísum við á Oddfríði sem er stómahjúkrunarfræðingur á Landspítala. Það er líka mikilvægt að aðstoða fólk fyrir og eftir aðgerðir með val á hentugum umbúðum ásamt því að við ráðleggjum fólk við val á þrýstisokkum. Þá mælum við fyrir sjúkrasokkum eftir þörfum og aðstoðum fólk við val á ýmiss konar stoðvörum. Svo sjáum við um að útbúa og senda reikninga ásamt fylgigögnum beint til Tryggingastofnunar fyrir þá sem nota þjónustu okkar og fylgjumst með að skirteini séu í gildi,“ segir hún brosandí.

Þá eru ótaldar vörur fyrir sykursjúka og aðstoð við blóðsykur mælingar. Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar Lyfju kenna fólk á mælana ef þess er þörf og veita ráðgjöf um ýmsar vörur sem að þessu snúa.

„Ráðgjöf er reyndar stór hluti af starfinu,“ bætir Sigrún við, „en við eigum góða samvinnu við heilsugæslustöðvarnar og slysavarðstofuna og vísum fólk auðvitað áfram til þeirra þegar við á. Fólk hringir oft í okkur eða kemur með minni háttar áhyggjur sem það vill ekki plaga lækna eða hjúkrunarfólk á heilsugæslustöðvunum með og við fáum alls konar fyrirspurnir sem við gerum okkar besta að leysa úr.“ Það er líka hluti af starfinu að fylgjast með næringarvörum og sjá til þess að það sé til gott úrval af þeim. Þá er heilmikil ráðgjöf við val á næringarvörum til viðskiptavina almennt vegna vannæringar eða sjúkdóma.

Að lokum er Sigrún spurð um framtíðina, hvað hún hugsar sér að gera eða hvort hún sé á leið í frekara nám. Síðustu árin hefur hún bætt við sig óhefðbundnu námi og lært höfuðbeina- og spjaldhyggjarjöfnun sem er eins konar djúpslökun sem hjálpar



fólki til að slaka verulega á. Það er gott að hafa kynnt sér þetta og aldrei að vita hvenær tækifæri til að notfæra sér þessa þekkingu koma þó svo að hún nýti sér þetta ekki beint í vinnu núna. En það sem á hug hennar allan þessa dagana er sárameðferð og nefnir hún meðal annars SUMS (Samtök um sármeðferð) en hjá þeim er hægt að fylgjast með því nýjasta sem er í gangi í meðferð sára. Einnig kynnist maður þar nýjum og vonandi betri umbúðum. Hún er því dugleg að nýta sér það sem samtökin hafa upp á að bjóða og ætlar að fylgjast vel með þróuninni í þessum málaflakki.

Á meðan á viðtalinu stóð mældi Sigrún bæði blóðþrýsting, blóðfitu og blóðsykur viðmælanda. Það var fagmannlega staðið að mælingunum, ekkert fum eða fát, og að viðtali loknu fór hún yfir niðurstöðurnar á mannamáli. Blóðþrýstingurinn var nokkuð hár en aðrar mælingar í þokkalegu lagi. Það var því haldið út í daginn með þau skilaboð Sigrúnar að huga betur að mataræði og hreyfingu.